

Nr. 42. Þegar líkrannsókn er lokið, skal lækni, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður
10. leyfi til að jarða líkið.
nóvbr.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 43.

10.
nóvbr.

Landskiftalög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, eða viðurkend merki eru til um. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðarparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur; ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum, og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

Nr. 43.

10.
nóvbr.

8. gr.

Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og hefir eigi verið samið um, að hann skuli vera sjerstök eign hans, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni. En verði því ekki við komið, og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna.

9. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

11. gr.

Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilt.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjetttri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Nr. 43.
10.
nóvbr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektar-mönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g um forðagæslu.

Nr. 44.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæsluumdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndar-kosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.